


Að lifa og starfa á sjó

- Starf og samfélag sjómanna



Efnisyfirlit

<i>Inngangur</i>	3
<i>Áhrif þess að vera sjómaður og fjölskyldumaður</i>	4
<i>Umræða</i>	5
<i>Fræðilegt efni</i>	7
<i>Lokorð</i>	9
<i>Heimildaskrá</i>	10

Inngangur

Sjómanning hefur lengi verið hluti af íslenski þjóðarsál og atvinnulífi okkar. Áður fyrr var sjómennska hættulegt og erfitt lífsviðurværi, en í dag hefur tæknin gert margt auðveldara. Þó svo að starfið sé enn krefjandi. Í þessari ritgerð verður fjallað um hvernig daglegt líf sjómanns lítur út í nútímanum, hvaða áskoranir og kostir fylgja starfinu og hvernig hlutverkið hefur þróast. Einnig verður fjallað um líf sjómanns í daglegu samhengi með áherslu á reynslu og sjónarhorn þeirra sem lifa og starfa út á hafi. Til þess að fá innsýn í raunveruleikann verður stuðst við viðtal við sjómann sem lýsir persónulegu upplifun sinni á starfinu og áskorunum, hvernig staðan á sjómennsku er breytt og hvernig hún hefur áhrif á fjölskyldulífið. Markmið mitt með þessari ritgerð er að varpa ljósi á manneskjuna á bak við verkið. Sjómanninn sem heldur íslensku þjóðinni uppi með dugnaði, þekkingu og þrautseigju.

Áhrif þess að vera sjómaður og fjölskyldumaður

- Viðtal við sjómann

Til að fá dýpri innsýn í líf og starf sjómanns var tekið viðtal við 50 ára gamlan sjómann sem hefur starfað á uppsjávarskipi í um 25 ár. Hann lýsir störfum sínum með mikilli virðingu og segir þó að starfið hafi breyst mikið með árunum, þá haldi sjómennskan áfram að vera krefjandi en jafnframt gefandi.

Sjómaður greinir frá því að:

Þegar ég byrjaði voru þetta miklu meiri handtök og miklu minni tölvuvinna, segir hann. Í dag eru skipin eins og fljótandi tölvuver, allt sjálfvirkar og við höfum miklu meiri yfirsýn yfir aflann, veiðifærin og veður. Þessi þróun hefur gert störfin öruggari og dregið úr líkamlegu álagi. Samt sem áður segir hann að ábyrgðin sé jafn mikil og að nýja tæknin krefjist þess að maður sé með aðra færni en áður fyrr.

Þegar rætt var um andlega heilsu, lýsti hann henni sem góðri og stöðugri. Maður lærir að lifa með fjarlægðinni frá fjölskyldunni og sérstaklega þegar maður hefur gott skip og gott samstarfsfólk, segir hann. Hann nefnir einnig að það hafi mikið að segja að vera í jafnvægi í landi, að eiga traust bakland og líf utan vinnunnar. Þá hefur aukin tenging við net og síma á sjó gert það auðveldara að vera í sambandi við heimilið sem léttir heimþrá og einmanaleika sem áður voru algengari

Hann tekur sérstaklega fram að hann sé stoltur af því að hafa séð breytingarnar sem orðið hafa í sjómennskunni. Ég byrjaði á gömlum ísfrysttogara er núna á einu tæknivæddasta skipi landsins, það er stór munur á því hvernig við veiðum í dag og hvernig við gerðum fyrir 20 árum.

Ég spurði hann hvernig venjulegur dagur um borð lítur út hjá honum. Engin dagur er eins hjá okkur, þegar við látum úr höfn þá leysum við landfestar, hvert skal halda og hvaða veiðar. Yfirleitt er það troll, flotveiði. Segjum sem svo ég sé á kolmunnaveiðum, þá látum við troll fara þegar við erum komið á miðin, það er misjafnt hvað við erum lengi á leiðinni en almennt er það um einn sólarhring. Þá eru veiðifærin yfirfarin á stýrinu og gerð klár fyrir veiðar, þegar komið er á miðin þá er kastað og stundum er dregið í klukkutíma eða allt upp í 12 klukkutíma. Þegar komið er blick á alla nema á veiðifærunum sem eru aflanemar þá er trollið híft og afli dældur um borð með dælu í kældan sjó. Gengur þessi rútína áfram þangað til skipið er fullt eins og í þessu tilfelli þá væri þá um 3250 tonn sem fylla bátinn.

Það getur verið erfitt að segja til um hvernig sólarhringur sjómanns er í vinnu, það fer í raun og veru almennt eftir því hversu mikil veiði er og einnig getur veðrið haft áhrif á það. Sjómenn geta því átt von á því að eiga langan vinnudag eða jafnvel stuttann.

Næst spurði ég hann hvernig félagslífið um borð væri. Það er gríðarlega mikilvægt að það sé góð stemmning um borð og skipti það miklu máli fyrir áhöfnina. Við borðum saman, grínumst og styðjum hvorn annan. Það er eiginlega lítið samfélag um borð og maður þarf að kunna að vera í hópi. Ef það er einhver sem er leiðinlegur eða með vonda orku um borð þá finnst það strax, enda enginn sem getur farið í burtu á meðan túrinn stendur.

Það sem við ræddum einnig var hvort hann hefði orðið var við breytingar á öryggismálum í gegnum tíðina. Já algjörlega, svara hann. Þegar ég byrjaði þá var miklu minna gert úr öryggisþjálfun og búnað. Nú eru reglulegar æfingar, betri hlífðarföt, neyðarbúnaður og GPS-kerfi sem fylgist með okkur. Það gefur manni mikla ró að vita að allt sé til staðar ef eitthvað kemur upp á.

Ég var forvitin að vita um hvað var erfiðast við sjómennskuna. Að vera í burtu frá fjölskyldunni var maðurinn fljótur að svara, sérstaklega þegar börnin voru lítil. Maður missti af afmælum, jarðarförum, leikritum, leikjum barnanna í fótbolta og margt fleira. Það tekur á, og það er mikilvægt að hafa sterk tengsl við fólkið sitt í landi til þess að geta stundað þessa vinnu til lengri tíma.

Í lokin vildi ég heyra frá honum hvað honum þótti vera best við starfið. Það erfitt að útskýra í stuttu máli en sjómennska hefur alla tíð verið eitthvað sem ég tengi vel við og hef áhuga á, tekjurnar spila vissulega einnig stóran þátt en annars er það líka samfélagið um borð, útiveran og vinnan sjálf. Sjórinn dregur mann alltaf aftur, það er ákveðin tilfinning að standa út á dekki og horfa yfir hafið í góðu veðri.

Umræða

Tekið var viðtalið við sjómann sem hefur 25 ára reynslu á uppsjávarskipi og veitti það dýrmæta innsýn í líf sjómanna í dag. Hann lýsir starfinu sem krefjandi en gefandi, þar sem tæknibreytingarnar hafa gjörbreytt vinnuferlunum, aukið öryggi og dregið úr líkamlegu álagi. Félagslífið um boð gegnir lykilhlutverki í andlegri líðan, og hann nefndi það einnig að það er gríðarlega mikilvægt að áhöfnin vinni saman sem ein heild

Hann ræddi einnig við mig um að það að þrátt fyrir að vera reglulega fjarri frá fjölskyldunni þá hefur hann fundið jafnvægi í lífinu og telur að sjómennskan vera hans framtíðarstarf.

Viðtalið endurspeglar manneskjuna sem stundar í sjómennsku og sýnir að á bak við hverja einustu veiðiferði eru einstaklingar sem bera ábyrgð, sýna seiglu og eiga sér sterkan stað í íslensku samfélagi.

Það að vera sjómaður er meira en bara vinna, það er lífsstíll sem krefst mikillar ábyrgðar, úthalds og fjarveru frá daglegu lífi og venjum heima fyrir. Fyrir þá sem eiga maka og börn getur sjómennskan haft mikil áhrif á fjölskylduna og samböndin innan hennar. Þegar faðir eða móðir er til lengri tíma í burtu frá heimilinu, sérstaklega ítrekað, breytist hlutverkaskiptingin og samskiptin innan fjölskyldunnar. Þetta getur verið erfitt bæði fyrir þann sem er úti á sjó og þau sem eru eftir heima á meðan.

Fjölskyldur sjómanna þurfa oft að takast á við að sjá um daglegt líf án föðurs eða maka síns sem er sjómaður. Maki sjómannsins sér þá oft ein/n að huga að börnunum, heimilisstörf og annað sem tengist rekstri heimilisins. Þetta getur verið bæði líkamlega og andlega krefjandi, sérstaklega ef einhver óvænt vandamál koma upp á meðan sjómaðurinn er fjarverandi eins og börnin veikjast eða maki sjómannsins slasast. Það er ekki alltaf auðvelt að leita eftir aðstoð eða stuðnings frá maka sínum sem er í sjómennsku, þau geta verið langt úti á sjó og getur því alltaf svarað símanum eða haft samband vegna þess að hann er annaðhvort að vinna eða utan símasambands.

Á sama tíma getur sjómaðurinn sjálfur fundið fyrir sektarkennd, söknuði eða jafnvel fundið fyrir einmanaleika. Margir sjómenn lýsa því að það sé erfitt að missa af mikilvægum augnablikum í lífi barnanna, eins og afmælum, skólabyrjun eða jólnum því þeir eru fastir út á sjó. Þetta getur haft áhrif á sambandið við börnin og valdið því að þau finni sig utan við daglegt líf fjölskyldunnar, jafnvel þegar hann eða hún kemur aftur heim frá því að vera út á sjó.

Að koma heim eftir túr getur nefnilega verið krefjandi. Margir sjómenn þurfa að aðlagast aftur því að vera heima, en það tekur oft nokkra daga að ná tengslum aftur við fjölskylduna. Börnin hafa kannski breyst á þessum tíma, byrjað á nýju áhugamáli eða venjum, eða sýna öðruvísi hegðun. Maki sjómannsins hefur kannski þróað með sér fastar venjur sem henta heimilinu án sjómannsins, og þá þarf að finna nýtt jafnvægi þegar allir eru saman aftur.

Sum börn á heimilum sjómanna finna fyrir óöryggir þegar foreldri fer reglulega í burtu. Þau sakna hans og vita ekki alltaf hvenær hann kemur heim. Þessi óvissa getur haft áhrif á tilfinningalíf þeirra og jafnvel hegðun. Þess vegna er mikilbægt að fjölskyldur sjómanna fái stuðning og skilning frá samfélaginu og að sjómenn sjálfir fái aðstoð við að byggja upp tengsl við börnin sín, jafnvel þegar þeir eru langt í burtu.

Tæknin hefur þó hjálpað til á síðustu árum. Með snjallsímum, myndsímtölum og neti geta sjómenn því mun meira haft samband við fjölskyldur sínar en áður fyrr. Það gerir það

auðveldara að halda tengslum við börnin og tekið meira þátt í daglegu lífi, þótt það sé úr fjarlægð. Samt sem áður er ekkert sem kemur alveg í staðinn fyrir líkamlega nærveru, knús eða sameiginlegar stundir.

Í heildina séð er sjómennska bæði gefandi og krefjandi. Hún skapar sjálfstæði, ævintýri og góðar tekjur – en hún krefst þess að það sé verið að færi fórnir. Fjölskyldulíf sjómannsins er oft frábrugðið hefðbundnu lífi fólks sem vinnur í landi. Það krefst meiri sveigjanleika, góðra samskipta og sterkrar samstöðu innan fjölskyldunnar. Þegar allt gengur vel, þá getur þessi lífsstíll styrkt fjölskylduböndin – en það er mikilvægt að viðurkenna þau álagseinkenni og áskoranir sem fylgja því að vera sjómaður.

Fræðilegt efni

Slysarvarnaskóli sjómanna var stofnaður árið 1985 með það markmið að efla öryggi sjómanna með fræðslu og þjálfun. Einnig var áhersla á að bæta öryggismál á sjó með fræðslu og umbótum. Til að undirstrika mikilvægi öryggismála þá settu stjórnvöld ákvæði í lög um skráningu sjómanna þar sem ákveðið var að óheimilt væri að skrá einstakling í skiprúm nema hann hefði lokið öryggisnámskeiði hjá Slysarvarnarskóla sjómanna (Landsbjörg, e.d).

Það var árið 1947 sem varð stór bylting í aðstöðu sjómanna um borð í skipunum, klefar sjómanna urðu stærri, það var komin loftræsting og sjómenn fengu einnig snyrti- og baðaðstöðu. Þeir gátu þá farið á salernið án þess að þurfa hætta lífi sínu til þess, salernisaðstaða þeirra var áður fyrir mjög slök eða jafnvel engin, nema fyrir yfirmenn. Þetta hefur aðeins verið að fara upp á við síðan þá og er sagt það tengjast þeim þáttum að skipin voru orðin stærri. Skip í dag hafa nú matstofu, salernisaðstöðu, matsal, líkamsrækt og sína eigin svefnaðstöðu (Lovísa Ólafsdóttir, 2004).

Sjómenn hafa fengið þann titil að vera hetjur hafsins, þeir eru að takast á við gríðarlega krefjandi störf sem krefst þess að þeir séu hraustir, duglegir og haft getuna til þess að vera um borð í skipi út á hafi og öllum þeim hættum sem fylgir sjómennskunni. Sagt er að sjómenn er að hætta lífinu sínu í hvert skipti sem þeir yfirgefa bryggju og halda út á haf og er þetta því ekki starf fyrir hvern sem er (Sigrún Erna Geirsdóttir, 2013).

Það getur verið afar krefjandi að starfa sem sjómaður, félagslegar aðstæður þeirra eru bæði krefjandi og erfiðar. Þeir geta verið frá í allt að þrjár vikur eða allt að nokkrum mánuðum á sjó í einu. Þeir eru því fjarverandi frá fjölskyldu sinni til lengri tíma og þurfa því að aðlagast

Því og getur þessi aðskilnaður verið erfiður og þeir fundið fyrir heimþrá og jafnvel einmannaleika. Vinnuálagið spilar einnig stórum þætti og fjarveran haft áhrif á líkamlega heilsu þeirra og andlega (Borovnik, 2011).

Þar sem aukin tæknivæðing hefur orðið í gegnum árin þar sem margt og mikið hefur breyst í sjómenskunni. Öryggisbúnaður er orðin miklu traustari ásamt því að allur búnaður um borð eru mun betri en þeir voru áður fyrr. Dánar og slysatíðni hjá Íslenskum sjómönnum hefur lengi verið afar há en það hefur breyst og er mikil breyting hvað það á. Til að taka dæmi þá má nefna að á árunum 1986-1996 þá var að meðaltali 7,5 % dauðaslys ár hvert á íslenskum flota (Svanur Guðmundsson, 1999).

Með því að hafa betri búnað um borð þá var verið að tryggja meiri öryggi sem leiddi til þess að banaslysum fór að fækka, það voru skráð 268 slys af sjómönnum en til að gefa skýrari mynd þá voru slysin 614 árið 1990. Þar má einnig nefna að árið 2006 voru 2 banaslys en árið 1990 voru þau 10 (Hagstofa, 2007).

Sjómenn eru að vinna á mjög óreglulegum vinnutímum sem veldur því að það er erfitt fyrir þá að umgangast vini, taka þátt í því sem verið er að gera í landi eða bara það eitt að stunda áhugamál sem er á skipulögðum tíma (Lovísa Ólafsdóttir, 2004).

Það hafa verið gerðar rannsóknir sem beinast að mökum sjómanna, í niðurstöðum þeirra hefur það sýnt að makar séu undir miklum áhrifum af starfi maka síns sem sækir vinnu á sjóinn. Rannsóknirnar sína bæði það að þegar sjómenn fara á sjó eða koma í land finna makar þeirra fyrir ýmsum streitu tengdu álagi og bent er á að það sé mun meira af þessum streitu völdum líkt og þunglyndi og kvíða hjá þeim sem eiga maka sem sjómann heldur en hjá öðrum hjónaböndum, t.d þeim sem eru með annarskonar vinnu sem krefst ekki þess að makinn sé í langan tíma í burtu (Thomas og Bailey, 2006).

Lokorð

Sjómennskan í gegnum tíðina hefur verið eitt af helstu atvinnugreinum íslensks samfélags, bæði efnahagslega og menningarlega. Þó svo að tæknin hafi umbreytt aðstæðum á sjó og dregið úr mörgum hættum er það enn manneskjan sem stendur á miðju hafsins í starfinu. Viðtalið við sjómann með áratuga reynslu af sjómennsku gerði það skýrt að það hvernig tæknivæðingin, skipulagi og betri öryggisvitund hefur mótað nýjan veruleika sjómannsins, en líka hvernig kjarninn í starfinu er og hvernig hann hefur haldist óbreyttur.

Viðmælandinn í viðtalinu lýsti starfinu virðingu, stolti og undirstrikaði hann að góð andleg líðan, sterk tengsl við fjölskyldu og gott félagslíf um boð séu einn af lykilþáttum þess í að halda út í því að vera sjómaður. Það var afar áhugavert að sjá tengsl hans við það að vera sjómaður í dag, þetta er ekki aðeins bara starf heldur lífsstíll líka.

Ritgerðin segir frá því að sjómennskan er ekki bara það sem gert var áður fyrir heldur er hún enn lifandi veruleiki sem byggist á reynslu þess að hafa samvinnu og seiglu þeirra sem eru á sjó. Því þetta eru þeir sem sækjast í sjóinn með með hugrekki og von og gera það aftur og aftur.

Heimildaskrá

Borovnik, M. (2011). Occupational health and safety of merchant seafarers from kiribati and tuvalu. *Asia Pacific Viewpoint*, 52(3), 333-346. doi: 10.1111/j.1467-8373.2011.01459.x

Hagstofa Íslands. 2008. Dánarmeinasrá. Sótt af:

<http://www.hagstofa.is/?PageID=627&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN053%2001%26ti=D%E1nir+eftir+d%E1narors%F6kum%2C+kyni+og+aldri+1981%2D20%2006+%26path=../Database/mannfjoldi/Danir/%26lang=3%26units=Fj%C3%B6ldi>

Landsbjörg. (e.d.). Markmið og stefnur Slysavarnarskóla sjómanna. Landsbjörg.is. Sótt 26. mars 2022 af <https://www.landsbjorg.is/markmidog-stefnur-slysavarnaskola-sjomanna>

Lovísa Ólafsdóttir. (2004). Áhrif hvíldar á heilsu og öryggi sjómanna. Reykjavík: Samgönguráðuneytið.

Sigrún Erna Geirsdóttir. (2013). Sjórinn er hverfull. *Útvegsblaðið*, 10(14), 38.

Svanur Guðmundsson. 1999. *Ástand öryggismála í íslenskum fiskiskipum 1986-1996*. Háskóli á Akureyri, Akureyri

Thomas, M. og Bailey, N. (2006). Square pegs in round holes? Leave periods and role displacement in UK-based seafaring families [rafræn útgáfa]. *Work, Employment and Society*, 20(1), 129-149.